

Stofnanasamningur milli Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Háskóla Íslands

1. Inngangur

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (FÍh) og Háskóli Íslands (HÍ) gera með sér eftirfarandi stofnanasamning um forsendur röðunar starfa hjúkrunarfræðinga sem starfa við Háskóla Íslands. Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi milli FÍh og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

2. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra sem starfa sem hjúkrunarfræðingar hjá HÍ og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

3. Markmið

- Að stuðla að skilvirkara launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum.
- Að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir hjúkrunarfræðinga til áhrifa á framgang í starfi.
- Að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- Að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum.

4. Starfaflokkun og grunnröðun í launaflokka

Við ákvörðun um röðun starfa í launaflokka eru metin þau verkefni og skyldur sem felast í störfum hjúkrunarfræðinga auk þeirrar reynslu, menntunar og færni sem þarf til að inna starfið af hendi. Við mat á þessum þáttum skal miða við starfslýsingar, verklýsingar og að öðru leyti mat á störfunum er byggir á hlutlægum mælikvörðum þannig að samræmis sé gætt milli sambærilegra starfa. Lýsingar og skilgreiningar á starfsheitum má finna í fylgiskjal 1 með samningi þessum.

Hjúkrunarfræðingur	9-5
Yfirhjúkrunarfræðingur	11-5

Miða skal við að hjúkrunarfræðingur hafi öðlast þá hæfni sem starfslýsing og skilgreining gerir ráð fyrir í fylgiskjali 1.

5. Mat á persónubundnum þáttum

Hjúkrunarfræðingur getur fengið viðbótarnám samkvæmt eftirfarandi ákvæðum.

Hjúkrunarfræðingur sækir um hækkun í launaflokkum eða álagsþrepum til mannauðsstjóra. Ákvörðun um hækkun vegna viðbótarnáms og símenntunar byggir á innsendum gögnum.

5.1 Viðbótarmenntun

Hjúkrunarfræðingur sem lokið hefur formlegu viðbótarnámi sem nýtist í starfi fær menntun sína metna á eftirfarandi hátt:

Diplómapróf, 30 ECTS einingar sem nýtist í starfi	1 þrep
Diplómapróf, 60 ECTS einingar sem nýtist í starfi	2 þrep
Meistarapróf sem nýtist í starfi	4 þrep

Doktorsnám sem nýtist í starfi

2 flokkar og 2 þrep

Hækkanir vegna viðbótarmenntunar ber að meta sem svo að þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum, koma til frádráttar.

Nánari skilgreiningu og mat á einstökum þáttum formlegrar menntunar má sjá í fylgiskjali 2.

5.2 Starfsreynsla í starfi

Eftir 3 ár í starfi	1 þrep
Eftir 5 ár í starfi	1 þrep
Eftir 7 ár í starfi	1 þrep
Eftir 12 ár í starfi	1 þrep

5.4 Önnur atriði

Hjúkrunarfræðingur sem hefur áunnið sér hækkun vegna persónubundinna þátta ofan á grunntöflu launaflokks sem er umfram 8. þrep færist í næstu launatölu í næsta launaflokki fyrir ofan.

6. Réttur til endurmats á röðun

Telji hjúkrunarfræðingur að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

7. Gildistími og endurskoðun

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2022

Með fyrirvara um samþykkt Háskólaráðs Háskóla Íslands:

f.h. Háskóla Íslands
hjúkrunarfræðinga

f.h. Félags íslenskra

Fylgiskjal I

Starfaflokkun

Hjúkrunarfræðingur við skimunar- og lyfjarannsókn:

- Sjálfstæð, skipulögð og lausnamiðuð vinnubrögð
- Þekking á good clinical practice (GCP) er kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfni, nákvæmni, útsjónarsemi og jákvæðni
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

- Gott vald á upplýsingatækni og hæfni til að tileinka sér nýjungar á því sviði
- Reynsla af hjúkrun krabbameinsveikra og krabbameinslyfjagjöf er kostur

Deildastjóri:

Ábyrgð á daglegum rekstri og skipulagningu á vinnu rannsóknarteymisins

- Skipulagning og uppsetning á móttökustöð
- Skipulagning og verkefnastýring fyrir starfsemi skimunar- og lyfjarannsókn Blóðskimun til bjargar

Undirritunarsíða

Guðmundur Ragnar Jónsson

Jenný Bára Jensdóttir

Ragnhildur Ísaksdóttir

Eva Hjörtína Ólafsdóttir